

123
8. ágúst

G J A L D S K R Á

fyrir mælingu á skipum.

Samkvæmt 21. gr. 1. nr. 17 8. marz 1948, um skráning skipa, eru hér með settar eftirfarandi reglur um gjald fyrir mælingu skipa.

1. gr.

Fyrir mælingu á:

Opnum bát	kr. 10.00
Skip undir 30 rúml. brúttó	— 50.00
Skipum 30— 100 rúml. brúttó 1.00 kr. pr. rúml., minnsta gjald	— 60.00
— 100— 200 — — 0.70 — — — — —	100.00
— 200— 400 — — 0.50 — — — — —	140.00
— 400—1000 — — 0.25 — — — — —	200.00
— 1000—3000 — — 0.12 — — — — —	250.00
— 3000—5000 — — 0.08 — — — — —	360.00
— 5000 rúml. og stærri — 0.05 — — — — —	400.00

2. gr.

Fari mæling fram á einhverjum hluta skips vegna breytinga, eða af öðrum ástæðum, skal gjaldið miðað við þann tíma, sem unnið er að mælingunni og útfærslu hennar.

Ef fleiri skip en eitt er smíðað eftir sömu teikningu, fyrir sömu eigendur, skal tekið fullt gjald af fyrsta skipinu, en hálf gjald af hverju hinna, þó því aðeins, að mælingamaðurinn hafi staðfest afrit af mælingarskýrslu fyrsta skipsins og að uppdrættir, sem með þurfa af skipinu, séu fyrir hendi, og skipið á engan hátt frábrugðið fyrsta skipinu.

Fyrir endurskoðun á mælingu, sem gerð er hér á landi, skal greiða $\frac{1}{10}$ mælingargjalds.

Fyrir endurskoðun á erlendri mælingu á skipi, þurfi ekki að mæla skipið að nýju, skal greiða $\frac{1}{4}$ gjaldsins, enda sé þá lagt fram staðfest afrit af mælingarskýrslunni.

Þurfi mælingamaður að takast ferð á hendur vegna mælingar á skipi, greiðir eigandi skipsins fæði og ferðakostnað mælingamannsins eftir reikningi.

Á öll ofangreind gjöld skal greiða verðlagsuppbót. Eiganda skips ber að sjá mælingamanni fyrir nægilegri aðstoð við mælinguna.

Sé ágreiningur um ákvörðun gjaldsins skal fenginn úrskurður skipaskráningarstjóra.

Öll framangreind gjöld ber skipaeiganda að greiða.

Reglur þessar öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Einar Bjarnason.